



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 325

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 16. apríl kl. 15:00.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) í fjarbundarbúnaði, sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn Árni Eiríksson, fulltrúi í stjórn Orkugerðarinnar ehf. og Steinþór Skúlason, stjórnarformaður Orkugerðarinnar ehf.

### 1. Orkugerðin – Staða mála og framtíðarhorfur

Árni Eiríksson og Steinþór Skúlason fara yfir stöðu mála og framtíðarhorfur hjá Orkugerðinni og þær fjárfestingar og framkvæmdir sem hafa verið í vinnslu undanfarin misseri til eflingar starfseminni, þ.e. stækkun húsnæðis og kaup á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn í vinnslu afurða. Fram kom að áætlað er að stækkunin verði tekin í notkun í maí 2024.

Farið yfir stöðu mála almennt varðandi úrgang í categoriu 1, brennslu dýraafurða. Formanni falið að óska eftir samráði við viðkomandi ráðuneyti við áframhaldandi vinnslu tillagna að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi fyrir dýraleifar á þeim vettvangi. Áriðandi er að koma sjónarmiðum aðildarfélaganna SOS að borðinu við þessa vinnu enda er Suðurland stærsta landbúnaðarhéraðið og hafa sveitarfélög á svæðinu mikilla hagsmuna að gæta í þessum málaflokki.

### 2. Önnur mál

Stjórn hefur verið boðin þátttaka í fræðsluferð til Kaupmannahafnar um úrgangsmál síðar í apríl. Því miður sér stjórn sér ekki fært að senda fulltrúa í ferðina vegna skamms fyrirvara en þakkar fyrir boðið. Formaður stjórnar SOS mun fara í umrædda ferð á vegum Rangárþings eystra.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn þann 14. maí kl. 14:00.

Fundi slitið klukkan 16:10.